

Nd.

689. Breytingartillögur

[259. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.

a. Í stað orðsins „Rétt“ í upphafi 1. mgr. komi: Réttar.

b. b-liður 3. mgr. orðist svo:

Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum. Nú tekur nemi í iðn eða annarri starfsgrein samningsbundin lágmarkslaun, og skal þá heimilt að greiða honum sérstaka námsstyrki vegna skólanáms, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum um styrkveitingu, að undanskildum ákvæðum um lágmarksnáms-tíma og árlegan starfstíma skóla, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. Við 5. gr. Aftan við b-lið bætist: enda sé efnahagur þeirra þröngur.